

11. Fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar haldinn 4. mars 2013 á skrifstofu Langanesbyggðar og hófst kl. 12.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri (hafnarstjóri) sem ritaði fundargerð.
Formaður setti fundi og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Dýpkun á höfninni á Þórshöfn 2013-14

Fyrir fundin liggur bréf frá Siglingastofnun þar sem Siglingastofnun hefur yfirfarið þau tilboð sem bárust í verkið sem eru eftirfarandi með vsk.

Björgun ehf.	kr. 199.157.120	98,2%
Hagtak hf.	kr. 225.000.000	110,9%
Hagtak hf.frávikstilboð	kr. 175.250.000	86,4%
Kostnaðaráætlun er	kr. 202.801.000	

Siglingastofnun leggur til að gengið verði til samninga við Björgun ehf. Siglingastofnun telur að ekki sé hægt að taka frávikstilboði Hagtaks ehf þar sem það vísar frá útboðsgögnum í grundvallar atriðum.

Í fjárlögum 2013-2014 var kostnaðaráætlun 184,5 milljónir m/vsk en 147,0 milljónir án /vsk. Í núverandi áætlun er gert ráð fyrir því að verkið kosti kr. 202.801.000 m/vsk sem er kr. 161.591.837 án/vsk. Er því raun hækkun 14.582.237 án/vsk. Kostnaður Langanesbyggðar er því kr. 64.632.895 án/ vsk. Hafnarstjórn leggur til við sveitarstjórn að hún taki tilboði Björgunar ehf og Siglingamálastofnun verði falið að ganga frá því. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45